



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Embætti
landlæknis
Sóttvarnalæknir



Berist til: Fjölmiðlar, almannavarnir.is, stjórnýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 30.03.2020

Kl.: 17:30

Staðsetning: Samhæfingarstöð almannavarna/Embætti landlæknis/Sóttvarnalæknir,

Neyðarstig vegna COVID-19

Framvinda

Unnið er hörðum höndum að því að miðla upplýsingum og ráðleggingum til almennings, stofnana og fyrirtækja. Allar leiðbeiningar er að finna á heimasíðu [Embættis landlæknis](#), [Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild](#) og [Upplýsingasíðunni covid.is](#)

Ráðgjöf vegna COVID-19

Leiðir að ráðgjöf hjúkrunarfræðinga:

Alvarleg veikindi:

- **Vaktsíminn 1700**
- **Símtal á þína heilsugæslu á dagvinnutíma**

Minni veikindi:

- **Samskipti á Mínum síðum á heilsuvera.is**
- **Netspjall á heilsuvera.is - 8:00-22:00**

Mikið álag er á Læknavaktinni og Heilsuveru. Við hvetjum fólk til að kynna sér upplýsingar, sem eru á ofangreindum vefsíðum.

Fjöldi staðfesta smitaðra hér á landi er nú 1086 og 927 eru í einangrun. Alls eru 691 innanlandssmit og ekki vitað um uppruna 105 smita. Samtals hafa um 16.484 sýni verið tekin, þar af 121 um helgina. Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi hafa tveir látist.

[Skv. tölum Landspítalans](#) eru 30 innlagðir sjúklingar á Landspítala með COVID-19 smit, þar af eru 10 á gjörgæslu og 7 á öndunarvél. 936 eru í eftirliti á Göngudeild COVID-19 þar af 72 börn í eftirliti Barnaspítala Hringinsins. Þá hefur 157 einstaklingum batnað og 22 einstaklingar hafa verið útskrifaðir af spítalanum.

Upplýsingafundir síðustu daga

Á 28. upplýsingafundinum laugardaginn 28. mars, var gestur fundarins Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðasviðs Reykjavíkurborgar. Regína sagði að á örskömmum tíma væri búið að umbylta velferðarkerfinu. Undir félagsþjónustu falli mörg afskaplega mikilvæg og viðkvæm þjónusta, þ.m.t. málefni fatlaðs fólks, búseta í sambýlum, verndaðir vinnustaðir, stuðningsþjónusta á heimilum fólks. Undir félagsþjónustu falli einnig öldrunarþjónusta, heimahjúkrun, rekstur þjónustuíbúða og dagdvalar. Ennfremur stuðningur við fötluð börn og þjónusta við börn með erfiðar heimilisaðstæður. Alls fái tugþúsund manns þjónustu á þessum tímum og starfsfólk í velferðarþjónustu komi iðulega inn á viðkvæmum tíma. Regína sagðist hafa sérstakar áhyggjur af börnum í erfðum heimilisaðstæðum enda væru skólar og félagsmiðstöðvar griðastaðir. Hún biðlaði til landsmanna og nágranna að fylgjast vel með þessum hópi.

Hún fjallaði því næst um öldrunarþjónustu Róttæk ákvörðun hafi verið tekin strax 6. mars þegar neyðarstigi hafi verið lýst.

Félagsheimilum og félagsstarfi aldraða hafi verið lagt af og heimsóknir bannaðar. Fjölmargir bjóði þó fram aðstoð og liðveislu meðal annars símhringingar. Símafinir væri meðal annars verkefni í samstarfi við Félag eldri borgara. Hún hvatti ættingja til að hringja í sína nánustu, en einnig í fjarskylda ættingja sem ættu ekki uppkomin börn. Starfsfólk hafi alls staðar í kerfinu sýnt mikið frumkvæði við að finna leiðir og lausnir, t.d. með því að bjóða upp á viðtöl og ráðgjöf með fjarfundabúnaði.

Á 29. upplýsingafundinum sunnudaginn 29. mars voru gestir fundarins Páll Matthíasson forstjóri Landspítala og Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir framkvæmdarstjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Páll Matthíasson forstjóri Landspítala sagði frá nýrri COVID göngudeild þar sem 897 eru í eftirliti þar af 66 börn. Einnig benti hann á sérstakan COVID vef þar sem meðal annars eru leiðbeiningar til sjúklinga og aðstandenda. Ákveðin víglína er nú komin á Landspítala og á COVID göngudeildinni er nú verið að vinna einstakt starf. Þá eru legudeildir að undirbúa sig og spítalinn í góðu samstarfi við önnur sjúkrahús, t.a.m. Reykjalund og heilbrigðisstofnanir á Selfossi og í Keflavík. Allt heilbrigðiskerfið er eitt þjónustunet.

Landspítali er þjóðarsjúkrahús og hefur þurft að leggja ýmis verkefni til hliðar um stundarsakir vegna ástandsins. Skilningur sjúklinga og aðstandenda á því er metinn mikils. Gestakomur hafa verið takmarkaðar verulega en hvatt er til þess að allir aðstandendur sem fá heimild til þess að heimsækja heilbrigðisstofnanir vegna sérstaka aðstæðna hugi vel að eigin heilsu og komi ekki ef þeim líður ekki vel. Herða hefur þurft á reglum á sængurkvennagangi og fá makar ekki að dvelja þar heldur aðeins að vera viðstaddir fæðingar. Páll þakkar starfsfólki spítalans og ekki síður fjölskyldum þeirra sem mikið mæðir á. Mælt er til þess að starfsfólk spítalans sé ekki innan um aðra á þessum tímum því brýnt er að vernda alla sem hafa sérþekkingu til þess að sinna veikum.

Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fór yfir

upplýsingagjöf heilsugæslunnar sem er gríðarlega umfangsmikil þessa dagana og hefur verið forgangsraðað í þágu hennar og ferlum breytt. Áætlað að heilsugæslan og 1700 síminn taki um 7000 símtöl á degi hverjum auk 500-1000 netspjalla gegnum heilsuvera.is. Hún hvatti fólk til þess að kynna sér upplýsingar á covid.is áður en þau hafa samband. Netspjallið er fyrst og fremst hugsað sem vegvísir fyrir heilbrigðiskerfið og þar hafa t.d. fyrirtæki leitað ráðgjafar vegna smitgátar og málefna fólks í sóttkví. Hægt er tilkynna sóttkví og fá vottorð um slíkt á mínum sínum í vef heilsuveru en til þess þarf rafræn skilríki, fólk er hvatt til þess að nota þann möguleika fremur en að hringja. Fyrirspurnir um sýnatöku eru margar, áréttað að aðeins eru tekin sýni hjá fólki með einkenni og það er metið í hverju tilfelli fyrir sig. Áætlanir um sýnatökur eru til fyrir næstu daga. Fólk sem kemur í sýnatöku á að vera í einangrun þar til niðurstaða rannsóknar á sýninu liggur fyrir. Starfsemi heilsugæslunnar er mikilvæg fyrir samfélagið og leitast við að halda henni uppi. Verkferlum hefur þurft að gjörbreyta, t.d. vegna viðkvæmra hópa – s.s. mæðra- og ungbarnavernd. Þar má nú aðeins eitt foreldri koma með hverju barni og mæður mæta einar í skoðun. Ef minnsti grunur er um veikindi fyrir slíkar heimsóknir er brýnt að hafa samband við heilsugæsluna símlíðis.

Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn fór yfir stöðuna í tengslum við samkomubann og lýsti ákveðnum vonbrigðum yfir fjölda tilkynninga um brot á samkomubanni. Margt sem betur má fara í þeim efnum, ekki hafa verið gefnar út sektir ennþá en slíkt er í undirbúningi. Mörg fyrirtæki eru að standa sig vel í sóttvörnum, merkingum og eftirfylgni en sumir virðast tapa einbeitingu sinni um leið og starfsmenn eru ekki að fylgjast með þeim. Almennur væri veiki hlekkurinn í þessu og við yrðum að muna að það er fullt af fólki sem verður fyrir áhrifum af hegðun okkar, fólk í framlínu, fólk með undirliggjandi sjúkdóma, fólk sem getur ekki sinnt vinnunni sinni. Þetta snúist um 2 metra fjarlægð sem ætti ekki að vera áskorun fyrir venjulegt fólk að virða. Það yrðum við að gera, hvert um sig og í sameiningu.

Á 30 upplýsingafundi 30. mars voru auk Þórólfs Guðnasonar, sóttvarnalæknis, Ölmu D. Möller landlæknis og Víðis Reynissonar yfirlögregluþjóns, þau Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala og Kristín S. Hjalmtýsdóttir framkvæmdarstjóri Rauða krossins.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir sagðiað samtals hefðu nú greinst 1086 smit á Íslandi, þar af 66 ný smit í gær. Alls hafi verið tekin tæplega 16.500 sýni. Aðrar tölur væru aðgengilegar á vefnum www.Covid.is Þórólfur sagði að faraldurinn væri í hægum línulegum vexti en alls ekki í veldisvexti. Hann fylgdi bestu spá samkvæmt spálíkaninu en innlagnir á gjörgæsludeild fylgdu svartsýnni spá. Faraldurinn muni líklega ná hámarki í byrjun apríl og að þá muni Aðspurður sagði hann vera ánægður með tölur og tekist hafi að halda aftur af kúrfunni. Þórólfur sagði að samfélagslegt smit væri lítið og ekki í miklum vexti. Hann taldi stærstu áskorunina þá hvenær skuli aflétta aðgerðum. Hann sagði að aðgerðir verði áfram í gangi og að mjög varlega yrði að fara í að aflétta samkomubanni og fjöldatakmörkunum, ella skapaðist hætt á að

faraldurinn blossi upp aftur. Þórólfur sagði aðspurður að ekki væri í bígerð að herða aðgerðir vegna faraldursins. Faraldurinn væri ekki í það miklum vexti að það réttlæti harðari aðgerðir. Hann sagði að niðurstaða af hertu samkomubanni í síðustu viku muni koma betur fram í þessari viku.

Alma Möller landlæknir sagðist geta nýtt allan fundinn til að færa þakkar en hún nýta tækifærið nú til að þakka þeim fjölmörgu sem legðust á eitt við að þróa fjarheilbrigðisþjónustu og raflausnir. Alma segi heiminn allan hjálpast að við að afla upplýsinga um sjúkdóminn. Hún hafi t.a.m. segið átta klukkustunda alþjóðlegan fjarfund gjörgæslulækna um helgina. Allir takist á við sömu áskoranir, fyrst og síðast um mannskap, en einnig tæki og tól. Hún sagði að mynstrið á Ítalíu væri svipað og í Kína. 5% alvarlega veikir, 15% minna veikir og 80% með lítil einkenni. Yngra fólk virðist veikjast á Norðurlöndum, fólk yngra en fertugt, en þetta er enn óstaðfest. Áfram þurfi að grípa til aðgerða, hlýða fyrirmælum og allir verði að leggja sitt af mörkum. Alma kvaðst binda vonir við að með því að teygja á faraldurinum vinnist tími til að þróa meðferð. Fjöldi lyfja væru til skoðunar og hundruð rannsókna í heiminum. Alma segir ekkert benda til þess að veiran hafi verri áhrif á þungaðar konur en aðra. Gripið hafi verið til aðgerða á fæðingardeildinni og þar þurfi að verja þungaðar konur en einnig mannauðinn sem þar starfar. Aðspurð staðfesti hún að þungaðar konur væru hvattar til að fara í sjálfskipaða sóttkví eftir 36 viku meðgöngu. Alma sagði að nú væru 900 manns skráðir í bakvarðasveit heilbrigðisþjónustunnar. Nú bættust þar við ljósmæður og tannlæknar og alls væri skráð fólk í 13 starfsstéttum auk nema.

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans fór yfir fernt í sínu máli. Páll sagði 30 liggja inni á spítalanum og að þriðjungur væri konur. 10 væru á gjörgæslu þar af sjö í öndunarvél. 268 starfsmenn Landspítala væru í sóttkví, 38 í einangrun. 936 væru í eftirliti hjá göngudeild Covid-19, þar af 72 börn. 157 manns væri batnað og útskrifaðir af göngudeild Covid-19. Páll sagði að Landspítalinn sinnti öllu landinu og öllum sjúklingum. Hann minnti á að fólk sem væri alvarlega veikt ætti ekki að veigra sér við að hafa samband. Ef mikið liggur við ætti fólk að koma á bráðamóttöku en yrði að láta vita hafi það dæmigerð einkenni Covid-19.

Páll staðfesti að sex sjúklingar á Landakoti, öldrunardeild Landspítalans, væru með Covid-19 sýkingu. Hann sagði ómögulegt að geta skorið úr um það hvort starfsmaður hafi sýkt sjúkling. Spítalinn hafi rakið þetta áfram með rakningarteyminu og lögð hafi verið mikil vinna í þetta.

Páll þakkaði að lokum öllum velunnurum spítalans. Hann fengi á margar gjafir, margir sendu hugmyndir og góðar tillögur. Hann hvatti fólk til að nota netfangið stondummed@landspitali.is til að senda slíkar hugmyndir og tillögur.

Kristín S. Hjálmtýsdóttir framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands, sagði samtökin gegna mikilvægu hlutverki á neyðartímum. Þau væru mikilvægur hlekkur í almannavörnum. Sjálfbóðaliðar væru ómetanlegir og gengju í ýmis störf. RKÍ hefur óskað eftir tímabundnum sjálfbóðaliðum og viðtökur hafa verið gífurlega góðar. Kristín sagði að RKÍ ætti fulltrúa í aðgerðamiðstöðvum um land allt og í samhæfingarstöð almannavarna. Þau hefðu umsjón með sóttvarnahúsi á Rauðarárstíg og tækju þátt í slíku víðar um land. Þau hefðu breytt verklagi í ýmsum verkefnum, aukið fræðslu til jaðarsettra hópa, s.s. skjólstaðinga frú Ragnheiðar og ungrú Ragnheiðar á Akureyri, Konukots, Vinjar og líka að breyta og efla og tala við flóttafólk. Þau reyndu einnig að beina sjónum að berskjölduðustu hópunum, til dæmis heimilislausum. Þau hafi veitt föngum og fólki hafa lokið afplánun aðstoð en sá hópur hafi oft lítið tengslanet og þurfi stuðning. Sömuléiðis fólk sem býr eitt. Að þeim væri hlúð með símtölum og öðrum leiðum. Kristín fjallaði um þjónustu hjálparsímans 1717 sem hefur tekið við yfirfalli á símanum 1700. Þjónustan hafi margfaldast. Almennt taki þau við um 40 símtölum á dag en nú væru þau um 500-700 á dag. Hún sagði frá því að RKÍ hafi gengið frá samkomulagi við félagsmálaráðuneytið um að 1717 taki við símtölum til annarrar þjónustu. Ef þú hringir í 1717 væri fólk leiðbeint og reynt að finna úrlausn á þínum málum. Kristín sagði að kvíði og einangrun fólks hafi aukist. Minnti á að enginn þurfi að hafa sérstakt erindi til að hringja. Vel þjálfað fólk svari í símann sem kunni að hlusta. Ekkert vandamál væri of lítið fyrir okkur. Loks vildi hún hrósa og þakka sjálfbóðaliðum RKÍ og mannvinum RKÍ. Saman komumst við í gegnum þetta.

Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn lokaði fundinum og bað fólk um að huga vel að páskum og halda sig sem mest heima. Ferðast ekki mikið um landið. Einnig væri mikilvægt að huga að innkaupum og verslun í tíma fyrir hátíðarnar. Einnig væri mjög gott að nýta vel hverja verslunarferð og fara sjaldnar.

Upplýsingamiðlun og verkefni

Í Samhæfingarstöð almannavarna fer fram samhæfing aðgerða og upplýsingagjöf á landsvísu vegna COVID-19

Vefurinn www.covid.is

Upplýsingar um tölfraði sjúkdómsins eru uppfærðar einu sinni á dag og birtar rétt fyrir hádegi á vefsvæðinu covid.is. Á vefnum er hægt að nálgast upplýsingar um aðgerðir hér á landi vegna sjúkdómsins sem veldur COVID-19. Þar má einnig nálgast ýmsar tölulegar upplýsingar. Vefurinn er í sífelldri þróun og uppfærður reglulega. Hann er sem stendur á íslensku, ensku og pólsku. Einnig eru valdar upplýsingar arabísku, spænsku, kúrdísku, litháísku, persnesku og taílensku. Nú er kominn möguleiki á að skoða og prenta út ýmis [veggspjöld sem hafa komið út](#).

Rauði krossinn. Vegna álags á Hjálparsíma Rauða krossins 1717 og netspjallið 1717.is [hefur félagsmálaráðuneytið](#) ákveðið að styðja við þjónustuna. Stuðningurinn mun efla Hjálparsímann og netspjallið í að sinna meðal annars fjölskyldum, börnum og ungmennum, fötluðu fólki öldruðum og fólki af erlendum uppruna á þeim fordæmalausu tímum, sem nú eru uppi. Þetta gerir Rauða krossinum á Íslandi kleift að sinna hlutverki sínu betur.

Rauði krossinn er að sinna mjög víðtæku starfi og má þar nefna að sjálfboðaliðar Rauða krossins manna farsóttarhús í Reykjavík, á Akureyri og á Húsavík. Einnig snúast störf sjálfboðaliða Rauða krossins um sálrænan stuðning og aðstoð við dreifingu matvæla til fólks, sem er í sóttkví eða einangrun. Í skoðun er þörf á frekari stuðning við aðra hópa svo sem innflytjendur og flóttafólk.

Heilbrigðisstarfsmenn í Samhæfingarstöðinni eru að skoða húsnaði, sem nota mætti sem varasjúkrahús í samstarfi við Landspítalann. Jafnframt eru þeir að setja saman heildaráætlun fyrir heilbrigðisstofnanir um viðbrögð við COVID-19.

Framundan:

- Upplýsingafundir fyrir fjölmiðla eru áætlaðir alla daga kl. 14:03.
- Næsti stöðufundur vegna COVID-19 er áætlaður þriðjudaginn 31. mars kl. 9:00.

Samráð og frekari upplýsingar

- **Allir íbúar Íslands** sem hafa dvalið erlendis og snúa heim 19. mars eða síðar þurfa að fara í sóttkví í 14 daga. [Sjá upplýsingar á vef embættis landlæknis.](#)
- [Hlúum vel að okkur sjálfum og okkar nánustu](#) er fyrsta heilræðið af 10 sem lýðheilsusvið embættis landlæknis hefur tekið saman sem byggja á niðurstöðum rannsókna á því hvað er gagnlegt að gera til að hlúa að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Birt 30.03.2020
- [Heilræði á tímum kórónuveiru.](#) Frétt birt 27.03.2020
- [Sektir fyrir brot gegn sóttvornalögum vegna COVID-19.](#) Frétt á vef stjórnarráðsins 27.03.2020.
- Fréttatilkynning heilbrigðisráðherra: [Hertar takmarkanir á samkomum – mörkin sett við 20 manns](#)
- [Rafræn útgáfa vottorða til staðfestingar á sóttkví](#) . Þeir sem þurfa að sitja í sóttkví geta nú sjálfir skráð upplýsingar inn á vefinn heilsuvera.is og fengið vottorð þar að lútandi. Vottorðin eru án endurgjalds. Vakin er athygli á því að skráning á heilsuveru krefst þess að notandi sé með rafræn skilríki. Þau sem eru ekki með rafræn skilríki þurfa að hafa samband við heilsugæsluna sína til að tilkynna sig í sóttkví. Þau sem þurfa að fá vottorð en eru ekki með rafræn skilríki senda póst á netfangið mottaka@landlaeknir.is
- [Góð ráð vegna COVID-19 til þeirra sem eiga langveik börn og ungmenni.](#)
- [Leiðbeiningar til veitinga og gististaða vegna hámarksfjöldi í hópum og hverju rými](#) . Nú er sem kunnugt er búið er að herða kröfurnar vegna samkomubanns og hámarks fjöldi í hópum og hverju rými er 20 manns. Ferðamálastofa hefur í samvinnu við Embætti landlæknis og heilbrigðisráðuneytið unnið leiðbeiningar. Munum einnig 2ja metra regluna.

- [Vinnueftirlitið hefur heimildir til að loka vinnustöðum sem ekki virða hið nýja samkomubann](#) Vinnueftirlitið hefur heimildir til vinnustaða að hlíta hertum reglum um samkomubann. Að öðrum kosti er litið svo á að þeir ógni öryggi og heilbrigði starfsmanna sinna.
- [Samgöngustofa, í samvinnu við embætti landlæknis](#), hefur gefið út leiðbeiningar til leigubílstjóra vegna aksturs með farþega, farþega í sóttkví eða með mögulegt COVID-19 smit. Tilgangur leiðbeininga er að verja leigubílsstjóra og farþega fyrir hugsanlegu smiti
- [Stjórnvöld koma til móts við vinnumarkaðinn](#). Samþykkt frumvarp um rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitanda.
- Alþingi hefur samþykkt frumvarp, félags- og barnamálaráðherra, um rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitanda. Lögin fela í sér að laun sem greidd eru samhliða minnkuðu starfshlutfalli koma ekki til skerðingar á atvinnuleysisbótum. [Vinnuálastofnun hefur umsókn með umsóknum um atvinnuleysisbætur vegna minnkaðs starfshlutfalls](#). Mikilvægt að halda vinnusambandi svo þekking tapist ekki. Leiðbeiningar eru á vefnum á íslensku, ensku og pólsku. Einnig spurt og svarað á vef þeirra. Almennar umsóknir um atvinnuleysisbætur eru einnig einfaldaðar á vefnum. eru með símaþjónustu á pólsku frá kl. 13-15 og reiknivél á vefnum til að skoða minnkað starfshlutfall og áætlaðar tekjur. Unnið í gegnum vef og síma. [Verktakar og sjálfstætt starfandi sækja um á Mínum síðum](#). Skila inn vottorði frá RSK um að rekstur hafi dregist saman.
- [Bakvarðasveit heilbrigðisþjónustunnar](#) Enn bætast við nýjar heilbrigðisstéttir í hóp bakvarðasveit heilbrigðisþjónustunnar sem fer ört stækkandi
- [Bakvarðasveit félagsmálaráðuneytis](#) Félags- og barnamálaráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga, vinna í sameiningu að því að koma á fót bakvarðasveit í velferðarþjónustu. Óskað er eftir fólki sem getur starfað í þjónustu við fatlað fólk, aldraða, heimilislauða, börn með sértækar stuðningsþarfir, barnavernd og fjárhagsaðstoð. Reynsla af störfum í velferðarþjónustu er kostur en ekki skilyrði.
- [Bakvarðalista fyrir Dýralækna- til að sinna dýralækningum. Bændur hafa einnig gert sinn eigin útkallslista](#). Sem atvinnuvegaráðuneytið, ásamt MAST og Dýralæknafélagi Íslands hafa sett upp
- [Leiðbeinandi viðmið um íþrótt- og æskulýðsstarf í ljósi takmörkunar á skólastarfi og samkomum](#). Leiðbeinandi viðmið um hvernig beri að túlka auglýsingar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar og takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar þegar kemur að íþrótt- og æskulýðsstarfi barna, ungmenna og fullorðna.
- [Upplýsingar sendar til samtaka sveitarfélaga varðandi samkomubann og börn](#). Skólar, leikskólar og íþróttafélög hafa skipulagt vandlega fyrirkomulag næstu daga og vikur til að fara eftir fyrirmælum heilbrigðisráðherra um takmarkanir á skólastarfi og samkomum. Ensk þýðing í vinnslu.
- Leiðbeiningar v/ [Börn í sóttkví – leiðbeiningar og tillögur til forráðamanna](#) og [Börn með sérþarfir í sóttkví](#)
- [Skynsamleg notkun almennings á einnota hönskum og grímum](#)
- Sjá [fyrirmæli landlæknis um að hætta valkvæðum aðgerðum](#) þannig að unnt sé að sinna sjúklingum með COVID-19 jafnframt því að veita aðra nauðsynlega heilbrigðisþjónustu.
- Hægt er að nálgast upplýsingar um niðurstöður sýna frá Íslenskri erfðagreiningu/Decode í Heilsuveru undir valmyndinni „Samskipti“. Innskráning með rafrænum skilríkjum.
- Varist vefsvindl og svik á tímum COVID-19. [Sjá frétt á vef Almannavarnadeildar RLS](#).
- Tölfræðispá Háskóla Íslands er birt á vef www.covid.hi.is
- **Undanþágubeiðnir þurfa berast víða að til heilbrigðisráðuneytis hrn@hrn.is**


Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra fundar reglulega með almannavarnastofnunum á Norðurlöndunum vegna COVID – 19. Stofnanirnar bera saman bækur sínar varðandi viðbúnað og viðbrögð vegna ýmissa þátta er varða framvindu COVID -19 sjúkdómsins. Samvinna og samtal þessara stofnana er mjög mikilvæg.



COVID-19 á Íslandi - Tölfræði


- Upplýsingar á síðunni eru sóttar úr gagnagrunni á miðnætti.

Fjöldi sýna eftir dögum



Download data

Fjöldi smitaðra eftir dögum



Download data

Heildartölur


- 1.086** staðfest smit
- 927** í einangrun
- 30** á sjúkrahúsi
- 10** á gjörgæslu
- 157** batnað
- 9.236** í sóttkví
- 5.427** lokið sóttkví
- 16.484** sýni

Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi eru tvö látin.


Hlutfall smitaðra sem greinst í sóttkví

51%

þeirra sem hafa greinst voru í sóttkví




Fjöldi smitaðra eftir kyni



Download data

Uppruni smits



Download data

Smit / sóttkví eftir landshlutum



	Smit	Sóttkví
Höfuðborgarsvæði	822	4623
Suðurnes	47	408
Suðurland	110	813
Austurland	5	200
Norðurland eystra	31	402
Norðurland vestra	22	396
Vestfirðir	4	200
Vesturland	19	321
Óstaðsett	26	1873
Útlönd	0	0

Download data

Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá **um 741,030 einstaklingum** samkvæmt John Hopkins og **um 35,114 einstaklingar** hafa látist. Þá hafa **156,838 einstaklegar náð** sér eftir veikindin. Mikill vöxtur hefur verið í dreifingu veirunnar í Evrópu. ECDC hefur breytt áhættumati sínu yfir í að faraldurinn geti orðið meðalstór eða mikil lýðheilsuógn. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu \(ECDC\)](#) varðandi þróun mála í hverju landi fyrir sig. Sjá áhættumat ECDC.

Borgaraþjónusta utanríkisráðuneytisins veitir Íslendingum vernd og aðstoð í neyðartilfellum erlendis og er ein af grunnstoðum utanríkisþjónustunnar. Starfsfólk sinnir verkefnum í húsnæði utanríkisráðuneytisins í Reykjavík og sendiskrifstofum Íslands í þremur heimsálfum.

Af þeim er áætlað að um sjö þúsund manns hafi þegar snúið til baka til Íslands en um fjögur þúsund Íslendingar dvelji enn erlendis. Af þeim er áætlað að átta hundruð og níutíu manns stefni á heimkomu á næstu tveimur mánuðum. Rúmlega tvö þúsund og fimm hundruð manns hafa ekki skráð sérstakan heimferðardag og því má áætla að margir hyggist dvelja áfram erlendis.

[Grunnur borgaraþjónustunnar.](#)

[Afskráning fyrir þá sem eru komnir heim.](#)

Borgaraþjónustan vinnur náið með borgaraþjónustum Norðurlandanna til að fylgjast með flugframboði til Norðurlanda svo hægt sé að koma þeim Norðurlandabúum til aðstoðar sem eiga á hættu að verða strandaglópar, ekki síst í fjarlægari ríkjum.